

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 410,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt skrifstofu rafveitunnar kr. 410,00.

Söluskattur 25% er talinn með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema í texta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 524, 27. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 20. apríl 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

**vegna hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sbr. samþykkt
nr. 386/1984.**

1. gr.

Gjald vegna undanþágu til hundahalds, sbr. síðasta staflið 2. málsg. samþykktar um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur nr. 386/1984, skal vera kr. 450,00 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1988 til jafnlengdar 1989. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið, fyrir eindaga, sem er 1. maí 1988.

2. gr.

Ofangreind samþykkt borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.